

Alþingi
Erindi nr. P 132/2162
komudagur 29. 5. 2006

Umsögn um tillögu til þingsályktunar

28. maí 2006

Umsögn Femínistafélags Íslands um þingsályktunartillögu um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmalabátttöku, áhrifa og valda kvenna.

132. löggjafarþing 2005–2006.

Þskj. 29 — 29. mál.

Femínistafélagið fagnar tillögu um þingsályktunartillögu um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmalabátttöku, áhrifa og valda kvenna. Við hvetjum til þess að auk þeirra þátta sem tilgreindir eru í þingsályktunartillögunni verði einnig rannsakað hversu ofarlega í forgang jafnréttismál eru hjá valdhöfum, fjölmíðlafólki og kjósendum. Einnig mælumst við til þess að orðalagi í greinargerð verði breytt þannig að í stað þess að segja:

"Íslenskar konur eiga hlutfallslega næstflest börn allra kvenna í Evrópu"

verði sagt:

"Íslenskar konur fæða hlutfallslega næstflest börn allra kvenna í Evrópu". Þessi tillaga er til að undirstrika að barn á 2 foreldra þó svo að móðirinn fæði barnið.

Við vonum að þingsályktunartillagan verði samþykkt og komið í framkvæmd enda brýnt mál að stuðla að auknu lýðræði í landinu með því að jafna hlut kynjanna í stjórnmalabátttöku.

F.h. Femínistafélags Íslands
Katrín Anna Guðmundsdóttir
Talskona félagsins

Femínistafélag Íslands
Pósthólf 4065
124 Reykjavík
feministinn@feministinn.is
www.feministinn.is